



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. mars 2022

2202027SA GB
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, 333. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint mál. Vegna annríkis hafa orðið tafir á gerð umsagnar um málið og er beðist velvirðingar á því.

Meginatriði frumvarpsins

Markmið frumvarpsins eru einkum tvíþætt, þ.e.:

- a. *Að styrkja heimildir ráðherra til að kveða í reglugerð á um lágmarkskröfur*

Hér undir falla m.a. kröfur varðar menntun og þjálfun sundkennara, sundþjálfara og þeirra sem sinna laugargæslu og að þau standist próf sem sýnir fram á viðhald þekkingar þeirra þannig að tryggt sé að hlutaðeigandi geti bjargað fólki úr laug, beitt skyndihjálp og endurlífgun, enda er um mikilvægt öryggishlutverk á sund- og baðstöðum að ræða. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð sett sambærilegar kröfur fyrir þau sem gata og flúra húð eða veita meðferð með nálastungum og þurfa að kunna og geta beitt sýkingavörnum.

Í skýringum með frumvarpinu er vísað til álits umboðsmanns Alþingis frá árinu 2020 þar sem vakin er athygli á því að skerpa þurfi á lagastoð reglugerðarákvæða um framangreind atriði. Ekki er tilefni til athugasemda við ákvæði sem snúa að þessum þætti frumvarpsins.

- b. *Að skýra eftirlitsskyldur og umfang almenns eftirlits*

Hér er einkum átt við eftirlit með starfsemi og athöfnum sem valdið geta mengun eða ógnað hollustuháttum þrátt fyrir að viðkomandi starfsemi eða athafnir séu ekki háðar starfsleyfi eða skráningarskyldu. Þetta er gert til þess að styðja við markmið laganna sem er meðal annars að búa landsmönnum heilnæm líffskilyrði og vernda þau líffsgæði sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Sambandið tekur undir þær breytingar á lögnum sem lagðar eru til í frumvarpinu hvað þetta varðar. Hins vegar er tilefni til að undirstrika að þörf fyrir þessar breytingar skýrist að stærstu leyti af því að flækjustig laganna var aukið langt umfram það sem þörf var á með innleiðingu losunartilskipunar ESB, sbr. lög nr. 66/2017 um breytingar á hollustuháttalögum. Á þeim tímapunkti hefði verið rík ástæða til að skoða aðrar leiðir við lagasetningu, svo sem að setja sérstök lög til innleiðingar umræddri tilskipun. Vísað er til ítarlegrar [umsagnar sambandsins um það frumvarp](#) þar sem bent var á marga þeirra anmarka sem nú er leitast við að laga.

Lokaorð

Með vísan til framangreindra athugasemda mælir sambandið með samþykkt frumvarpsins en með þeim fyrirvara að umhverfis- og samgöngunefnd fái staðfest að vinna sé að hefjast við heildarendurskoðun laganna og að þeirri vinnu verði settur tímarammi. Mikilvægt er að þegar hafist er handa við þá vinnu náist sátt um markmið sem unnið verði að en ljóst má vera að mikil tækifæri eru til einföldunar, ekki síst gagnvart almennum verkefnum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Að öðru leyti tekur sambandið undir ábendingar í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar um frumvarpið. Er þess sérstaklega óskað að samráð verði haft við sambandið um útfærslu á gjaldtökuákvæði fyrir aðra eftirlitsaðila en Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri